

LANDSSAMBAND ÍSLENSKRA ÚTVEGSMANNA

THE FEDERATION OF ICELANDIC FISHING VESSEL OWNERS.



HAFNARHOLI, TRYGGVAGÖTU 11 · P.O.BOX 893 · REYKJAVÍK · TEL. 354-550 9500 · TELEFAX 354-550 9501

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. P 127/638
komudagur 25.1.2002

Reykjavík, 23. janúar 2002

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um umgengni um nytjastofna sjávar

Samtökunum hefur borist til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 57 3. júní 1996, um umgengni um nytjastofna sjávar. Efni frumvarpsins er um breytingu á 2. gr. laganna. Megin breytingin skv. frumvarpinu er sú að gert yrði skylt að hirða og landa öllum afla sem kemur í veiðarfæri fiskiskipa og afnumin gildandi heimild til að varpa fyrir borð afla sem sýktur er, selbitinn eða skemmdur á annan hátt sem ekki hefði verið unnt að komast hjá.

Að mati samtakanna væri breyting sú sem lögð er til í frumvarpinu til bóta. Hún myndi auðvelda veiðieftirlit og gera aðgerðir gegn brottkasti markvissari og árangursríkari. Samtökin styðja því samþykkt þessa frumvarps.

Virðingarfyllst,

f.h. Landssambands íslenskra útvegsmanna

Kristján Ragnarsson